

2. bekkur
Skólanámskrá Öldutúnsskóla
Námssvið og námsgreinar



Skólaárið 2024 - 2025

Skólanámskrá Öldutúnsskóla.

Útgefin 2.

Skólanámskrá er útgefin á rafrænu formi (pdf), send foreldrum nemenda í tölvupósti og birt á heimasíðu skóla.

© Skólaskrifstofa Hafnarfjarðar

Útgáfustaður: Hafnarfjörður.

Ábyrgð: Margrét Sverrisdóttir, skólastjóri.

Útgefandi: Öldutúnsskóli
Öldutún 9
220 Hafnarfjörður

netfang: oldtunsskoli@oldtunsskoli.is
veffang: <http://www.oldtunsskoli.is>



EFNISYFIRLIT

1	Skólastarf 2. bekkjar	4
1.1	Samantekt kennslu í 2. bekk	5
1.2	Áherslur grunnþátta menntunar í 2. bekk	6
1.3	Kennsluáætlunir og kennslugögn í 2. bekk	8
1.4	Foreldrasamstarf og upplýsingagjöf.	9
1.5	Námsmat og vitnisburðarkerfi	10
2	Námssvið og námsgreinar	11
2.1	Lykilhæfni	12
2.2	Íslenska	14
2.2.1	Talað mál, hlustun og áhorf	14
2.2.2	Lestur og bókmenntir	15
2.2.3	Ritun	16
2.2.4	Málfræði	17
2.3	List- og verkgreinar	19
2.3.1	Sjónlistir - myndmennt	19
2.3.2	Tónmennt	20
2.3.3	Heimilisfræði	21
2.3.4	Textílmennt	22
2.4	Náttúrugreinar	23
2.4.1	Náttúrufræði	24
2.5	Samfélagsgreinar	26
2.5.1	Heimspeki, siðfræði og trúarbragðafræði	27
2.5.2	Jafnrétti og lífsleikni	28
2.5.3	Landafræði, saga og sam- /þjóðfélagsfr.	29
2.5.4	Kynja og kynfræðsla	29
2.6	Skólaíþróttir	31
2.6.1	Íþróttir	31
2.6.2	Sund	32
2.7	Stærðfræði	35
2.8	Upplýsinga- og tæknimennt	38
2.8.1	Miðlamennt og skólasafnsfræði	39
2.8.2	Tölvunotkun og upplýsinga- og samskiptatækni	40
3	Lokaorð	41



1 Skólastarf 2. bekkjar

Hlutverk þessa kafla er að kynna fyrir skólasamfélaginu megináherslur í starfsemi bekkjar svo það sé upplýst um framkvæmd skólastarfs í bekknum/árganginum. Það er m.a. gert til að foreldrar geti verið virkir þátttakendur í námi barna sinna á grundvelli uppeldisréttar síns. Um leið kynna kennarar fagmennsku skólastarfsins til að sýna fram á faglegt inntak og samhengi milli bekkja/árganga um þau gæði sem stefnt er að í skólastarfinu.

Kaflanum er skipt í eftirfarandi hluta:

1. Samantekt kennslu árgangs
2. Áherslur grunnþátta menntunar
3. Kennsluaðstæður, kennsluáætlanir og kennslugögn í árganginum
4. Foreldrasamstarf og upplýsingagjöf í árganginum
5. Námsmat og vitnisburðarkerfi árgangs



1.1 Samantekt kennslu í 2. bekk

Kennslutímar á viku skiptast í eftirfarandi námsgreinar.

Námssvið	Námsgreinar	Tímafjöldi í skóla á viku
1. Íslenska	Talað mál, hlustun og áhorf Lestur og bókmenntir Ritun Málfræði	7
3. List- og verkgreinar	A Listgreinar: Sviðslistir Sjónlistir (myndmennt) Tónmennt B Verkgreinar: Heimilisfræði Hönnun og smíði Textílmennt	0 1 1,5 1 0 1
4. Náttúrugreinar	Náttúrufræði	3
5. Samfélagsgreinar	Heimspeki, siðfræði og trúarbragðafræði Jafnrétti og lífsleikni Landafræði, saga, sam-/þjóðfélagsfræði	5
6. Skólaíþróttir	Íþróttir Sund	2 1
7. Stærðfræði	7.0. Stærðfræði	6,5
8. Upplýsinga- og tæknimennt	8.1. Miðlamennt og skólasafnsfræði 8.2. Tölvunotkun og upplýsinga- og samskiptatækni	0 1
9. Val	9.1.	
Alls		30



1.2 Áherslur grunnþátta menntunar í 2. bekk

Í þessum árgangi eru áherslur sex grunnþátta menntunar eftirfarandi í samræmi við stefnu skólans og samhæfir áherslum skólans um forvarnir.

Áherslur grunnþátta menntunar eru settar fram í markmiðum

Grunnþáttur menntunar	Áhersluatriði
<i>HEILBRIGÐI OG VELFERÐ:</i>	<p>Það er unnið með <i>heilbrigði og velferð</i> í skólanum út frá stefnu skólans þar sem áherslur grunnþáttarins eru útfærðar í eftirfarandi markmið:</p> <ul style="list-style-type: none"> jákvæður skólabragur, SMT og Olweus, bekkjarfundir og reglukennsla, einkunnarorð skólans, virðing, virkni og vellíðan næringarfræðsla áhersla á hreyfingu úti og inni stuðla að andlegri vellíðan og góðum samskiptum efla skilning á eigin tilfinningum og annarra efla sjálfstjórn og sjálfstraust unnið með sjálfsmyndina og jákvæð samskipti meðal jafnaldra og við þá sem eldri eru vinna að jákvæðum samskiptum við foreldra/forráðamenn, starfsfólk skóla og annað fólk í nær samfélaginu efla vitund um kynheilbrigði
<i>JAFNRÉTTI:</i>	<p>Það er unnið með <i>jafnrétti</i> út frá stefnu skólans þar sem áherslur grunnþáttarins eru útfærðar í eftirfarandi markmið:</p> <ul style="list-style-type: none"> koma til móts við þarfir hvers og eins námslega, félagslega og andlega allir fá nám við hæfi kenna nemendum að setja sig í spor annarra búa nemendur jafnt undir virka þátttöku í samfélaginu, hvort heldur sem er í einkalífi, fjölskyldulífi eða atvinnulífi leggja áherslu á umburðarlyndi og víðsýni gagnvart fjölbreytileika mannlífsins svo sem, jafnrétti fjölmenningu, þjóðerni, trúarbrögðum, lífsskoðunum, kynhneigð og fötlun
<i>LÝÐRÆÐI OG MANNRÉTTINDI:</i>	<p>Það er unnið með <i>lýðræði og mannréttindi</i> í skólanum þar sem áherslur grunnþáttarins eru útfærðar í eftirfarandi markmið:</p> <ul style="list-style-type: none"> læra að setja sig í spor annarra með verkfærum SMT og Olweus hvetja nemendur til að tjá eigin skoðanir og að þeir fái tækifæri til að hafa áhrif á skólastarfið vinna markvisst að lýðræðislegri kennslu í skólastarfi svo sem hópvinnu, bekkjarfundum, þátttökunámi og samfélagsverkefnum. stuðla að því að nemendur beri ábyrgð á námi sínu og framkomu og að þeir þekki réttindi sín og skyldur hvetja nemendur til að bera umhyggju og virðingu fyrir fólki, dýrum og umhverfi sínu



	<ul style="list-style-type: none"> • fræða um mannréttindi, stjórnsýslu, samfélagsmótun, borgaravitund og manngildi stuðla að hópavinnu • auka siðferðisvitund • efla ábyrgð, gagnrýna hugsun, samvinnu og samábyrgð • nemendur geti valið nám eftir áhugasviði
<i>LÆSI:</i>	<p>Það er unnið með <i>læsi</i> út frá stefnu skólans þar sem áherslur grunnþáttarins eru útfærðar í eftirfarandi markmið:</p> <ul style="list-style-type: none"> • efla tölvu- og tæknilæsi • nemendur læri og geti yfirfært aðferðir við lestur, ritun og hlustun og beitt þeim á fjölbreyttan hátt • auka notkun á bókasafni og upplýsingamennt • kenna nemendum að vera læsir á umhverfið • efla vitund nemenda á bóklestri sér til gagns og ánægju • efla læsi nemenda svo þeir geti nýtt það á sem fjölbreyttastan hátt, til dæmis við lestur, ritun, lesskilning, hlustun, talnalæsi, upplýsingalæsi, menningarlæsi og fleira.
<i>SJÁLFBÆRNI:</i>	<p>Það er unnið með <i>sjálfbærni</i> út frá stefnu skólans þar sem áherslur grunnþáttarins eru útfærðar í eftirfarandi markmið:</p> <ul style="list-style-type: none"> • Öldutúnsskóli vinnur út frá sjö skrefum Grænánans • stuðla að aukinni umhverfisvitund með því að efla þekkingu og skilning á samspili náttúru, umhverfis og mannlífs • gera sér grein fyrir eigin áhrifum á náttúruna og temja sér lífsvenjur sem stuðli að heilbrigði jarðar og jarðarbúa • skila umhverfinu í ekki lakari ástandi til komandi kynslóða en við tókum við því • takast á við margvísleg álitamál og ágreiningsefni • stuðla að áhuga og vilja til þess að nemendur taki þátt samfélaginu • kenna neytendafræðslu og fjármálalæsi
<i>SKÖPUN:</i>	<p>Það er unnið með <i>sköpun</i> í árganginum út frá stefnu skólans þar sem áherslur grunnþáttarins eru útfærðar í eftirfarandi markmið:</p> <ul style="list-style-type: none"> • stuðla að frumkvæði einstaklingsins • stuðla að ígrundun, persónulegu námi og frumkvæði í skólastarfi • móta viðfangsefni og miðla þeim, eftir eigin sýn • nota fjölbreyttar kennsluáðferðir og að nemendur verði virkir þátttakendur í náminu • nýta eigin ímyndunarafli í verkefnavinnu • byggja á eigin reynslu og byggja ofan á hana • nemendur læri að taka ábyrgð á eigin námi og beri virðingu fyrir verkum sínum og annarra



1.3 Kennsluaðstæður, kennsluáætlanir og kennslugögn í 2. bekk

i. Kennsluaðstæður

2. bekkur skiptist í tvö bekki, J og K. Hver bekkur er með sinn umsjónarkennara. 2. bekkur er með heimastofur í E-álmú. Stærsti hluti kennslunnar fer fram í heimastofu.

Árganginum er skipt í 4 smiðjuhópa sem skiptast á að fara í textíl/myndmennt, heimilisfræði, komdu og skoðaðu bílinn, upplýsinga og tæknimennt, spil, náttúrufræði, lífsleikni og sjálfsstyrking. Kennsla í þessum greinum fer fram í sérgreinastofum og heimastofum. Nemendur hafa einnig aðgang að bókasafni.

Íþróttir eru kenndar í Strandgötu og Kaplakrika og sund í Suðurbæjarlaug.

ii. Kennsluáætlanir

Kennsluáætlanir í hverri námsgrein eru gerðar fyrir hvora önn. Hver vika er skipulögð á fyrsta árgangafundi vikunnar með hliðsjón af kennsluáætlun. Kennsluáætlanir eru aðgengilegar á Mentor. Heimalestur á að fara fram 5x í viku í 15 mínútur í senn. Nemendur eiga að lesa upphátt fyrir einhvern fullorðinn og svo á að kvitta í þar til gert hefti. Einnig skrifa nemendur þrjú til fimm orð eða tvær setningar í stílabók þrisvar í viku. Kennarar halda utan um þetta og skrá í Mentor ef heimanámi er ekki lokið. Önnur heimavinna er tilfallandi en það getur komið fyrir að nemendur þurfi að taka með sér heim ólokin verkefni ef ekki náðist að ljúka þeim í skólanum.

iii. Náms- og kennslugögn

Í hverri heimastofu er skjávarpi og tússtafla. Það eru Íslandskort, heimskort og Evrópukort í stofum. Kennarar hafa eigin borðtölvu og ein spjaldtölva tilheyrir hverjum umsjónarkennara.

<i>Námsbækur og almenn kennslugögn skóla:</i>	<ul style="list-style-type: none">Allar nauðsynlegar náms- og kennslubækur (sjá viðkomandi námsgreinar).Aðgangur að tölvum og hugbúnaði í skóla eftir þörfum.Hjálpargögn s.s. fyrir stærðfræðikennslu, íslensku og önnur fög.
<i>Ritföng nemenda og persónuleg hjálpargögn sem nemendur þurfa að hafa/eiga á hverjum tíma:</i>	<ul style="list-style-type: none">Kennslugögn eru til staðar í skólanum fyrir hvert barn.



1.4 Foreldrasamstarf og upplýsingagjöf.

- Mikilvægt er að gagnkvæm og virk upplýsingamiðlun sé á milli heimilis og skóla. Tölvupóstur og Mentor er notað til að koma upplýsingum um heimanám, seinkomur, hrós, framkomu, nám og framvindu í námi til foreldra. Foreldrar eru hvattir til að koma upplýsingum er varða nám og líðan nemenda til kennara, hvort heldur sem er með tölvupósti, símhringingum eða eftir samkomulagi. Ástundun nemenda er send heim í upphafi hvers mánaðar af umsjónarkennara. Föstudagspistill er settur inn á Mentor á hverjum föstudegi þar sem sagt er frá því markverðasta úr liðinni viku og hvað sé á döfinni í þeirri næstu.
- Upplýsingar um heimanám er allt skráð inn á Mentor og er þar aðgengilegt fyrir foreldra. Heimavinna er aðallega lestur og orðaskrif. Önnur tilfallandi heimavinna er skráð á Mentor og tengist oft einhverju þema sem verið er að vinna með.
- Nemendur eiga að lesa upphátt fyrir einhvern fullorðinn og svo á að kvitta í þar til gert hefti. Einnig skrifa nemendur þrjú til fimm orð eða tvær setningar þrisvar sinnum í viku. Kennarar halda utan um þetta og skrá í Mentor ef heimanámi er ekki lokið. Ef nemandi hefur lokið við þessa heimavinnu fær hann límmiða í kvittana heftið.



1.5 Námsmat og vitnisburðarkerfi

Leiðsagnarmat

Leiðbeinandi námsmat, leiðsagnarmat, fer fram reglulega yfir allt skólaárið í öllum námsgreinum. Leiðsagnarmat miðar að því að meta framfarir nemenda í þeim tilgangi að nota niðurstöðurnar til að gera nauðsynlegar breytingar á námi og kennslu. Í leiðsagnarmati er fylgst með nemendum á námstímanum og þeim leiðbeint. Lögð er áhersla á fjölbreyttar matsaðferðir, s.s. kannanir, frammistöðumat, sjálfsmat, samræður o.fl., til að safna upplýsingum um stöðu nemenda, hvað þeir vita og geta og hvers þeir þarfnast til að ná betri árangri. A.m.k. tvisvar á ári er farið yfir stöðu nemenda á fundi með nemenda foreldra og umsjónarkennara. Foreldrar eru hvattir til að fylgjast reglulega með hæfnikorti nemandans á Mentor. Hæfnikortið getur tekið breytingum á milli skólaára en lokamatið fer fram við lok 4.bekkjara.

Lokamat

Lokamat hefur þann megintilgang að gefa upplýsingar um árangur náms og kennslu í lok námstíma skólaárs. Matsaðferðir við lokamat ákvarðast af markmiðunum en matið er oftast byggt á skriflegum prófum eða fjölbreyttum lokaverkefnum nemenda. Með lokamati er lögð áhersla á að meta þekkingu og skilning nemenda á námsefninu, hvernig þeim tekst að beita þekkingu sinni og hvernig þeir greina og nota mismunandi aðferðir við ákveðin viðfangsefni. Lokamat sýnir hversu vel nemendum gengur miðað við hæfniviðmið/námsmarkmið árgangsins.

Vitnisburður að vori:

Að vori fá nemendur í 4. bekk útprentaðan vitnisburð þar sem fram kemur árangur þeirra í yngri deild, 1. - 4. bekk. Lokamatið er byggt á frammistöðu þeirra eins og hún kemur fram á hæfnikortinu. Á þessu vitnisburðarblaði er einnig almenn umsögn um nemandann, hegðun og framkomu. Nemendur í 1. - 3. bekk fá almenna umsögn ásamt staðfestingu frá skóla að námsári sé lokið.



2 Námssvið og námsgreinar

Í þessum hluta námskrárinnar er kynnt áætlun um það nám og kennslu sem stefnt er að fari fram á skólaárinu í bekknum/árganginum. Aðalnámskrá grunnskóla skiptir viðfangsefnum skólastarfsins í átta skilgreind námssvið og eitt opið (val) en hverju námssviði heyra mismargar námsgreinar. Fyrir hvert námssvið eru gefin út hæfniviðmið, námshæfni, fyrir 4., 7. og 10. í aðalnámskrá en skólar útfæra fyrir aðra árganga. Sömuleiðis er lýst áherslum í hverri námsgrein árgangs og flokkað eins og tilheyrir hverju námssviði. Megintilgangur þess er að skýra þær væntingar og áherslur sem eru í náminu svo stefnt sé að sameiginlegu markmiði í skólastarfinu sem öllum sé ljós.

Í einhverjum tilvikum fá sumir nemendur sérstakt námsefni sem hæfa þeim betur en námsefni bekkjar og fá því sína eigin námskrá (að hluta a.m.k.) sem er nefnd einstaklingsnámskrá. Hún er utan þessa plaggs og unnin í hverju tilviki í samráði við aðstandendur viðkomandi nemenda eftir því sem við á.



2.1 Lykilhæfni

Lykilhæfni er annar hluti þeirrar hæfni sem skólastarf stefnir að samkvæmt aðalnámskrá grunnskóla (2011/2013). Lykilhæfni er almenn hæfni nemenda og er óháð einstökum námssviðum eða námsgreinum. Hún felur í sér atriði eins og virkni nemenda til að tjá sig, færni í að vinna með öðrum og taka almennt ábyrgð á eigin námi. Viðmið um lykilhæfni gefa til kynna áherslur um hæfni sem nemendur eiga að geta tileinkað yfir skólaárið. Lykilhæfni skiptist í fimm undirþætti og eru þeir nefndir

lykilþættirnir fimm og skal gefið mat, einkunn, fyrir hvern lykilþátt fyrir sig. Fyrir hvern lykilþátt eru skilgreind nokkur viðmið sem lýsa getu sem nemendur eiga að vera búnir að tileinka sér í lok kólaárs.

Það er ákvörðun skóla hvort lykilhæfni sé gefin fyrir árganginn í heild sinni (1x), hvert námssvið (8x) eða hverja námsgrein (um 20x) en alltaf eru sömu viðmiðin notuð.

a. Hæfniviðmið og matskvarðalýsingar út frá A-D matskvörðum

Fyrir árganginn gilda eftirfarandi hæfniviðmið um lykilhæfni sem eru sameiginleg fyrir grunnskóla Hafnarfjarðar auk matskvarða fyrir hvern lykilþátt og eiga við öll námssvið bekkjarnámskrárinnar:

Lykilþættirnir fimm	A	B	C
TJÁNING OG MIÐLUN	Tjáð hugsanir sínar af öryggi og hlustað á aðra. Komið skoðunum sínum og þekkingu mjög vel á framfæri fyrir framan hóp.	Tjáð vel hugsanir sínar af og hlustað á aðra. Komið skoðunum sínum og þekkingu á framfæri fyrir framan hóp.	Tjáð hugsanir sínar að einhverju marki og hlustað á aðra. Komið skoðunum sínum og þekkingu að vissu marki á framfæri fyrir
SKAPANDI OG GAGNRÝNIN HUGSUN	Unnið mjög vel eftir einföldum fyrirmælum og metið eigin verk. Gert sér mjög vel grein fyrir því að það eru fleiri en ein rétt lausn á verkefnum og að það er munur á staðreyndum og skoðunum. Oftast fundin úrlausn á raunhæfum viðfangsefni.	Unnið vel eftir einföldum fyrirmælum og metið eigin verk. Gerir sér vel grein fyrir því að það eru fleiri en ein rétt lausn á verkefnum og að það er munur á staðreyndum og skoðunum. Oft fundin úrlausn á raunhæfu viðfangsefni.	Unnið nokkuð vel eftir einföldum fyrirmælum og metið eigin verk að einhverju leyti. Stundum gert sér grein fyrir því að það eru fleiri en ein rétt lausn á verkefnum og áttað sig að vissu marki á mun á staðreyndum og skoðunum. Stundum fundin úrlausn á raunhæfu viðfangsefnum



SJÁLFSTÆÐI OG SAMVINNA	Unnið mjög vel eftir fyrirmælum, sýnt sjálfstæði í vinnubrögðum og þekkt eigin styrkleika. Unnið mjög vel með öðrum, borið ábyrgð og nýtt sér leiðsögn.	Unnið vel eftir fyrirmælum, oft sýnt sjálfstæði í vinnubrögðum og þekkt nokkra styrkleika hjá sjálfum sér. Unnið vel með öðrum, borið ábyrgð og nýtt	Unnið nokkuð vel eftir fyrirmælum, stundum sýnt sjálfstæði í vinnubrögðum og þekkt nokkuð vel styrkleika hjá sjálfum sér. Unnið nokkuð vel með öðrum, borið ábyrgð og nýtt sér nokkuð vel leiðsögn.
NÝTING MIÐLA OG UPPLÝSINGA	Af öryggi leitað sér upplýsinga úr rituðum heimildum og nýtt þær og þekkt vel grunnreglur um netnotkun	Leitað sér upplýsinga úr rituðum heimildum og nýtt þær með stuðningi og þekkt grunnreglur um netnotkun.	Að einhverju marki leitað sér upplýsinga úr rituðum heimildum og stundum nýtt þær og þekkt nokkuð vel grunnreglur um netnotkun.
ÁBYRGÐ OG MAT Á EIGIN NÁMI	Metið vel jákvæða þætti í eigin frammistöðu og skilið hvenær námsmarkmiðum er náð. Tekið virkan þátt í að skipuleggja eigið nám.	Metið jákvæða þætti í eigin frammistöðu og skilið hvenær námsmarkmiðum er náð. Tekið þátt í að skipuleggja eigið nám með leiðsögn.	Að vissu marki metið jákvæða þætti í eigin frammistöðu og skilið hvenær námsmarkmiðum er náð. Tekið þátt í að skipuleggja eigið nám með leiðsögn að nokkru leyti .



2.2 Íslenska

Viðmið um hæfni í íslensku

Eftirfarandi viðmið eru lögð til grundvallar mati á námshæfni nemanda í lok árgangs (lokamat):

Efnisþættir:	Viðmið um námshæfni í íslensku
Talað mál, hlustun og áhorf:	<p><i>Við lok árgangs geti nemandi:</i></p> <ul style="list-style-type: none"> Beitt skýrum og áheyrilegum framburði. Sagt frá eftirminnilegum atburði og lýst ákveðnu fyrirbæri, endursagt efni sem hlustað hefur verið á eða lesið. Hlustað og horft með athygli á upplestur, leikið efni, ljóð og söngva og greint frá upplifun sinni. Átt góð samskipti, hlustað og sýnt kurteisi.
Lestur og bókmenntir	<p><i>Við lok árgangs geti nemandi:</i></p> <ul style="list-style-type: none"> Beitt aðferðum við umskráningu hljóða og stafa þannig að lestur verði lipur og skýr Tengt þekkingu sína og reynslu við lesefni í því skyni að ná merkingu þess. Valið bók eða annað lesefni og lesið sér til ánægju. Valið sér lesefni eftir áhuga og þörf og lesið sögur, ljóð og fræðandi efni, sem hæfir lestrargetu, sér til ánægju og skilnings.
Ritun:	<p><i>Við lok árgangs geti nemandi:</i></p> <ul style="list-style-type: none"> Dregið rétt til stafs og skrifað skýrt og læsilega. Samið texta frá eigin brjósti, svo sem sögu, frásögn, ljóð eða skilaboð. Beitt einföldum stafsetningarreglum og notað tiltæk hjálpargögn við hæfi.
Málfræði:	<p><i>Við lok árgangs geti nemandi:</i></p> <ul style="list-style-type: none"> Beitt töluðu máli og rituðu af nokkru öryggi og ræður yfir orðaforða og málskilning sem hæfir þroska. Þekkt og fundið helstu einingar málsins, svo sem bókstafi, hljóð, orð, samsett orð og málsgrein. Leikið sér með orð og merkingu, svo sem með því að ríma, og fara í orðaleiki

2.2.1 Talað mál, hlustun og áhorf

Tímafjöldi: 1,0 tímar (40 mín. kennslustund á viku að jafnaði yfir heilt skólaár).

i. Viðfangsefni í náminu

Meginviðfangsefnin í námsgreininni eru:

- Upplestur
- Yndislestur
- Samlestur (PALS)
- Framsögn æfð á ýmsan hátt
- Hlusta á upplestur á sögum og ljóðum
- Nemendur læra og vinna með vísur, ljóð og texta



ii. Námsgögn og kennsluefni

Þau námsgögn sem helst stuðst er við í kennslunni og nemandi þarf að nýta sér við námið eru:

- Ljóð og vísur
- Lestrarbækur og aðrar bækur af bókasafni skólans.
- Eigin sögur

iii. Námsfyrirkomulag og námsaðlögun

Í meginatriðum fer námið og kennslan í skóla og heima (utan skóla) fram á eftirfarandi hátt:

- Heimalestur
- Bekkjarfundir
- Námsleikir
- Söngur

Í náminu er eftirfarandi námsaðlögun beitt til að styðja við nemendur að læra út frá eigin forsendum og að námið komi þeim að sem mestu gagni:

- Leitast eftir að vera með fjölbreytt kennslugögn í stofu.
- Nemendur með einstaklingsnámskrá fá námsefni miðað við getu.
- Krefjandi aukaverkefni fyrir þá sem eru lengra komnir.

iv. Námsmat og námsmatsaðlögun

Aðferðir og vinnubrögð sem liggja til grundvallar námsmatinu í námsgreininni eru eftirfarandi varðandi:

- Stuðst er við leiðsagnarmat þar sem hæfniviðmið eru metin út frá verkefnum nemenda og vinnu í kennslustundum.
- Hraðlestrarprófið Lesferill er lagt fyrir í september, janúar og maí. Að öðru leiti er stuðst við leiðsagnarmat þar sem hæfniviðmið eru metin út frá verkefnum nemenda og vinnu í kennslustundum.
- Könnun er lögð fyrir á þeim málfræði námsþáttum sem teknir hafa verið fyrir í maí.
- Stafsetningarkönnun er lögð fyrir í janúar og maí sem og skriftarkönnun.
- Heimalestur skráður og færður inn í Mentor ef honum er ólokið.

2.2.2 Lestur og bókmenntir

Tímafjöldi: 3 tímar (40 mín. kennslustund á viku að jafnaði yfir heilt skólaár).

i. Viðfangsefni í náminu

Meginviðfangsefnin í námsgreininni eru:

- Upplestur
- Samlestur (PALS)
- Yndislestur
- Lestraráttak
- Nemendur læra að vinna með vísur, ljóð og texta
- Lestrarbækur
- Lestrarstund á bókasafni

ii. Námsgögn og kennsluefni

Þau námsgögn sem helst stuðst er við í kennslunni og nemandi þarf að nýta sér við námið eru:

- Ýmsar námsbækur og verkefni af kennsluvefjum



- Lestrarbækur
- Skáldsögur
- Verkefnabækur
- Námsþpil
- Litla lesrún

iii. Námsfyrirkomulag og námsaðlögun

Í meginatriðum fer námið og kennslan í skóla og heima (utan skóla) fram á eftirfarandi hátt:

- Lestur þjálfaður daglega, bæði upphátt og í hljóði, heima og í skólanum
- Málörvun í 15-20 mínútur dag hvern fyrir áramót.
- Upplestur á sögum og ljóðum
- Nemendur lesa upphátt fyrir kennara
- Upplestur kennara í nestinu
- PALS á hvorri önn

Í náminu er eftirfarandi námsaðlögun beitt til að styðja við nemendur að læra út frá eigin forsendum og að námið komi þeim að sem mestu gagni:

- Leitast eftir að vera með fjölbreytt kennslugögn í stofu.
- Lestrarbækur við hæfi hvers og eins.
- Aukin lestrarstuðningur fyrir nemendur sem þess þurfa.
- Nemendum er skipt í hópa eftir niðurstöðu úr lestrarprófum og fá þjálfun við hæfi.

2.2.3 Ritun

Tímafjöldi: 2 tímar (40 mín. kennslustund á viku að jafnaði yfir heilt skólaár).

i. Viðfangsefni í náminu

Meginviðfangsefnin í námsgreininni eru:

- Að draga rétt til stafs
- Ritunarverkefni
- Uppbygging sögu
- Skapandi skrif
- Myndasögugerð
- Örsögur

ii. Námsgögn og kennsluefni

Þau námsgögn sem helst stuðst er við í kennslunni og nemandi þarf að nýta sér við námið eru:

- Ritrún 1 og 2
- Litla lesrún
- Góður betri bestur 2A og 2B
- Ritunarverkefni af 123skoli.is, vef Námsgagnastofnunar, Út fyrir bókina og Skólavefnum
- Sögubókin mín

iii. Námsfyrirkomulag og námsaðlögun

Í meginatriðum fer námið og kennslan í skóla og heima (utan skóla) fram á eftirfarandi hátt:

- Þjálfun í skrift
- Stafsetningarþjálfun (orðaskrif) samhliða heimalestri
- Upplestur og sóknarskrift



- Ritun á fjölbreyttum texta svo sem sögum og frásögnum nemenda

Í náminu er eftirfarandi námsaðlögun beitt til að styðja við nemendur að læra út frá eigin forsendum og að námið komi þeim að sem mestu gagni:

- Leitast eftir að vera með fjölbreytt kennslugögn í stofu.
- Nemendur læra ótengda skrift.
- Nemendur skrifa eftir forskrift.
- Kennari aðstoðar við skrif þegar þess þarf.

iv. Námsmat og námsmatsaðlögun

Aðferðir og vinnubrögð sem liggja til grundvallar námsmatinu í námsgreininni eru eftirfarandi varðandi:

Stuðst er við leiðsagnarmat þar sem sögubýgging, upphaf, miðja, endir er metið út frá verkefnum og vinnu nemenda í kennslustundum.

Ritunarverkefni yfirfarin jafnóðum og sett í námsmatsmöppu. Umsögn í lok vetrar.

2.2.4 Málfræði

Tímafjöldi: 1 tímar (40 mín. kennslustund á viku að jafnaði yfir heilt skólaár).

i. Viðfangsefni í náminu

Meginviðfangsefnin í námsgreininni eru:

- Eintala og fleirtala
- Andheiti og samheiti
- Sérnöfn og samnöfn
- Samsett orð
- Sérhljóði og samhljóði
- Stafrófið

ii. Námsgögn og kennsluefni

Þau námsgögn sem helst stuðst er við í kennslunni og nemandi þarf að nýta sér við námið eru:

- Ritrún 1 og 2
- Efni af skólavefnum, Út fyrir bókina og 123skóli.

iii. Námsfyrirkomulag og námsaðlögun

Í meginatriðum fer námið og kennslan í skóla og heima (utan skóla) fram á eftirfarandi hátt:

- Sýnikennsla
- Umræður
- Vinnubókarvinna
- Innlögn
- Hópverkefni
- Námspil

Í náminu er eftirfarandi námsaðlögun beitt til að styðja við nemendur að læra út frá eigin forsendum og að námið komi þeim að sem mestu gagni:

- Námið tengt við daglegt líf.
- Leitast eftir því að hafa fjölbreytt námsefni í boði.
- Allir fá námsefni við hæfi.

iv. Námsmat og námsmatsaðlögun



Aðferðir og vinnubrögð sem liggja til grundvallar námsmatinu í námsgreininni eru eftirfarandi varðandi:

- Stuðst er við leiðsagnarmat þar sem hæfniviðmið eru metin út frá verkefnum nemenda og vinnu í kennslustundum. Gerð er athugun á þekkingu nemenda.
- Könnun er lögð fyrir á þeim málfræði námsþáttum sem teknir hafa verið fyrir í maí.



2.3 List- og verkgreinar

Viðmið um námshæfni í list- og verkgreinum

Eftirfarandi viðmið eru lögð til grundvallar mati á námshæfni nemanda í lok árgangs (lokamat):

Efnisþættir	Viðmið um námshæfni í list- og verkgreinum
Myndmennt:	<p><i>Við lok 2. bekkjar geti nemandi:</i></p> <ul style="list-style-type: none"> Skapað myndverk í ýmsum tilgangi með margvíslegum aðferðum. Unnið út frá kveikju við eigin listsköpun. Þekkt og notað hugtök og heiti sem tengjast lögmálum og aðferðum verkefna hverju sinni. Skilið mismunandi tilgang myndlistar og hönnunar.
Heimilisfræði:	<p><i>Við lok 2. bekkjar geti nemandi:</i></p> <ul style="list-style-type: none"> Tjáð sig á einfaldan hátt um heilbrigða lífshætti. Farið eftir einföldum leiðbeiningum um hreinlæti og þrif. Útbúið með aðstoð einfaldar og hollar máltíðir. Sagt frá helstu hættum sem fylgja vinnu í eldhúsi.
Textílmennt:	<p><i>Við lok 2. bekkjar geti nemandi:</i></p> <ul style="list-style-type: none"> Notað einfaldar aðferðir greinarinnar og beitt viðeigandi áhöldum. Unnið eftir einföldum leiðbeiningum. Unnið úr nokkrum gerðum textílefna
Tónmennt:	<p><i>Við lok 2. bekkjar geti nemandi:</i></p> <ul style="list-style-type: none"> Þekkt strengjahljóðfæri og hljóðblæ þeirra. Notað söngroddina og beitt henni m.a. í einföldum keðjusöngum. Leikið einfalda rytma eða þrástef á slagverks- og önnur skólahljóðfæri (t.d. þegar tvö til þrjú hrynn mynstur eru spiluð samtímis). Tekið þátt í að spinna einfalt tónverk/hljóðverk. Geta skilgreint á einfaldan hátt stílbrigði í tónlist (t.d. rokk og klassík). Rætt um tónlist út frá smekk og upplifun.

2.3.1 Sjónlistir - myndmennt

Tímafjöldi: 60 mín tvisvar í viku í 13 skipti á vorönn.

i. Viðfangsefni í náminu

Meginviðfangsefnin í námsgreininni eru:

- Teikni-, málunar- og klippiverkefni
- Litablöndun
- Andstæður í formum, forgrunn, bakgrunn og miðrými

ii. Námsgögn og kennsluefni

Þau námsgögn sem helst stuðst er við í kennslunni og nemandi þarf að nýta sér við námið eru:

- Námsefni kennara
- Handbækur
- Listaverkabækur



- Veraldarvefurinn
- Glærur og skyggjur

iii. Námsfyrirkomulag og námsaðlögun

Í meginatriðum fer námið og kennslan í skóla og heima (utan skóla) fram á eftirfarandi hátt:

- Fyrirlestrar
- Sýnikennsla
- Verklegar æfingar
- Bein kennsla
- Fræðslumyndir

Í náminu er eftirfarandi námsaðlögun beitt til að styðja við nemendur að læra út frá eigin forsendum og að námið komi þeim að sem mestu gagni:

- Kynnist hugmyndafræði sem sköpun tekur mið af
- Kynnist mismunandi úrlausnum og aðferðum
- Kynnist mismunandi efnum og áhöldum til myndsköpunar.

iv. Námsmat og námsmatsaðlögun

Verkefni og vinna nemenda er metin í lok hverrar smiðju og skráð í hæfnikort nemenda í Mentor.

2.3.2 Tónmennt

Viðmið um námshæfni í list- og verkgreinum

Eftirfarandi viðmið eru lögð til grundvallar mati á námshæfni nemanda í lok árgangs (lokamat):

Tímafjöldi: 1.5 kennslustundir á viku.

i. Viðfangsefni í náminu

Meginviðfangsefnin í námsgreininni eru:

- Söngródd
- Tónheyrn
- Nótur og tákn
- Frumþættir (vísa til eðlis hljóða og tóna, þ.e. hráefnis tónlistarinnar): Tónhæð, tónalengd, hljómar, tónblær, tónstyrkur, form, hljómburður og rými, túlkun.

ii. Námsgögn og kennsluefni

Þau námsgögn sem helst stuðst er við í kennslunni og nemandi þarf að nýta sér við námið eru:

- Hugmyndamappa í tónmennt – „Það var lagið“
- Tónlist og umhverfi, vinnubók og hlustunarefni
- Handbækur
- Sönglagabækur
- Veraldarvefurinn
- Hljóðfærin í stofunni
- Verkefnablöð
- Hljómflutningstæki,
- Skjávarpi
- Ritföng

iii. Námsfyrirkomulag og námsaðlögun



Í meginatriðum fer námið og kennslan fram á eftirfarandi hátt:

- Söng og raddbeitingu
- Nótnalestri og ritun
- Hljóðfæranotkun
- Hreyfingu
- Hlustun
- Sköpun

iv. Námsmat og námsmatsaðlögun

- Verkefni og vinna nemenda er metin í lok hverrar smiðju og skráð í hæfnikort nemenda í Mentor.

2.3.3 Heimilisfræði

Tímafjöldi: 2 tímar á viku í 3-4 vikur á vorönn. Kennt í smiðjum.

i. Viðfangsefni í náminu

Meginviðfangsefnin í námsgreininni eru:

- Undirstaða í verklegri kennslu í heimilisfræði
- Læra um nauðsyn hreinlætis við matargerð og umgengni matvæla
- Bókleg kennsla í næringarfræði, umhverfisfræðslu og líkamlegu heilbrigði.

ii. Námsgögn og kennsluefni

Þau námsgögn sem helst stuðst er við í kennslunni og nemandi þarf að nýta sér við námið eru:

- Heimilisfræðistofan
- Heimastofa
- Innlögn
- Sýnikennsla
- Kennslubók (Heimilisfræði 2)

iii. Námsfyrirkomulag og námsaðlögun

Í meginatriðum fer námið og kennslan í skóla og heima (utan skóla) fram á eftirfarandi hátt:

- Námið fer fram í heimilisfræðistofunni og heimastofu
- Innlögn og kynning
- Umræður
- Sýnikennsla
- Verklegar æfingar, einstaklingsvinna og hópvinna

Í náminu er eftirfarandi námsaðlögun beitt til að styðja við nemendur að læra út frá eigin forsendum og að námið komi þeim að sem mestu gagni:

- Notkun á almennum áhöldum í matargerð
- Sýnikennsla
- Kennsla í næringarfræði, það sem við borðum skiptir máli fyrir heilsuna.

iv. Námsmat og námsmatsaðlögun

Verkefni og vinna nemenda er metin í lok hverrar smiðju og skráð í hæfnikort nemenda í Mentor.



2.3.4 Textílmennt

Tímafjöldi: 1/2 tími á viku að jafnaði yfir heilt skólaár.

i. Viðfangsefni í náminu

Meginviðfangsefni í námsgreininni eru:

- Tvö efni saumuð saman, fyllt og skreytt.
- Garn fléttað saman á einfaldan hátt við gerð vinabanda.
- Einföld spor saumuð í efni.

ii. Námsgögn og kennsluefni

Þau námsgögn sem helst stuðst er við í kennslunni og nemandi þarf að nýta sér við námið eru:

- Nálar
- Garn
- Skæri

iii. Námsfyrirkomulag og námsaðlögun

Í meginatriðum fer námið og kennslan í skóla og heima (utan skóla) fram á eftirfarandi hátt:

- Með sýnikennslu og verklegum æfingum

Í náminu er eftirfarandi námsaðlögun beitt til að styðja við nemendur að læra út frá eigin forsendum og að námið komi þeim að sem mestu gagni:

- Nemendur vinna sjálfstætt undir leiðsögn kennara

iv. Námsmat og námsmatsaðlögun

Verkefni og vinna nemenda er metin í lok hvernar smiðju og skráð í hæfnikort nemenda í Mentor.



2.4 Náttúrugreinar

Viðmið um námshæfni í náttúrugreinum

Eftirfarandi viðmið eru lögð til grundvallar mati á námshæfni nemanda í lok árgangs (lokamat):

Efnisþættir:	Viðmið um námshæfni í náttúrugreinum
<i>Gera til aðgerða:</i>	<p><i>Við lok árgangs geti nemandi:</i></p> <ul style="list-style-type: none"> sýnt virkni og látið sig varða nánasta umhverfi og lífsskilyrði lífvera í því
<i>Nýsköpun og hagnýting þekkingar</i>	<p><i>Við lok árgangs geti nemandi:</i></p> <ul style="list-style-type: none"> bent á störf sem krefjast sérþekkingar
<i>Gildi og hlutverk vísinda og tækni:</i>	<p><i>Við lok árgangs geti nemandi:</i></p> <ul style="list-style-type: none"> í máli og myndum miðla hugmyndum sem tengjast náttúruvísindum. gert sér grein fyrir hvernig maðurinn er hluti af náttúrunni og lífsafkoma hans byggist á samspilinu við hana.
<i>Vinnubrögð og færni:</i>	<p><i>Við lok árgangs geti nemandi:</i></p> <ul style="list-style-type: none"> sagt frá og framkvæmt með hversdagslegum hlutum einfaldar athuganir úti og inni hlustað á og rætt hugmyndir annarra
<i>Ábyrgð á umhverfinu</i>	<p><i>Við lok árgangs geti nemandi:</i></p> <ul style="list-style-type: none"> tekið eftir og rætt atriði í umhverfinu sínu, sýnt félögum og náttúru alúð nýtt reynslu og hæfni í námi og daglegu lífi, einn og með öðrum rætt eigin lífssýn og gildi, gert sér grein fyrir samspili náttúru og manns
<i>Að búa á jörðinni:</i>	<p><i>Við lok árgangs geti nemandi:</i></p> <ul style="list-style-type: none"> tekið þátt í og sagt frá einföldum athugunum á jarðvegi, veðrun og rofi lýst landnotkun í heimabyggð fylgst með og skráð upplýsingar um veður í heimabyggð lýst breytingum á náttúru Íslands eftir árstíðum og áhrifum þeirra á lífsskilyrði fólks sagt frá hvernig Ísland myndast og tekur breytingum
